

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 21. apríl. 2015, kl. 17:30. Fundur, nr. 749
Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn. Forföll boðuðu Sigurður Eiríksson og Þorgerður Guðmundsdóttir.

- 1) Bjarnveig setti fund kl:17:33.
- 2) Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) Bréf dagsett 23. mars. Frá ÍSÍ: Kjörbréf til íþróttapings ÍSÍ 2015. Sjá lið fimm.
 - b) Bréf dagsett 16. apríl. BLÍ: 43. ársþing Blaksambands Íslands 2015. Lagt fram til kynningar.
 - c) Bréf dagsett 16. apríl. FRÍ: Héraðsdómaranámskeið 4. og 5. maí. Lagt fram til kynningar.
 - d) Bréf dagsett 17. apríl. UMFÍ: Auður Inga Þorsteinsdóttir nýr framkvæmdastjóri UMFÍ. Lagt fram til kynningar.
 - e) Bréf dagsett 18. mars. KKÍ: Körfuknattleiksþing 8.- 9. maí. Lagt fram til kynningar.
 - f) Bréf dagsett 20. apríl. Dalvíkurbyggð: Vorfundur íþróttá- og æskulýðsráðs 5. maí. Lagt fram til kynningar.
 - g) Bréf dagsett 21. apríl. HSÍ. Ársþing HSÍ 2015. Lagt fram til kynningar.
- 4) Ársþing UMSE. 2015
 - a) Þinggerðin. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
 - b) Samþykktir þingsins verða sendar bréflaga til aðildarféлага.
- 5) Íþróttaping ÍSÍ. Bjarnveig sat þingið og sagð frá tillögum sem lagðar voru fram á þinginu vegna stjórnarsetu innan ÍSÍ. Einnig sagði Bjarnveig frá breytingum sem urðu á stjórn ÍSÍ.
- 6) Fyrirhugað er að halda vinnufundi með hverju sveitarfélagi fyrir 1 júní 2015 með það að markmiði að gera langtíma styrktarsamninga, milli UMSE og sveitarfélaganna. Samþykkt að framkvæmdastjóri hafi samband við sveitafélögin vegna þess.
- 7) Vinna við siðareglur um samskipti, rekstur og ábyrgð hefst í næsta mánuði. Í samræmi við ný samþykka stefnu UMSE. Drög nefndarinnar sem mun taka verkið að sér verða lögð fyrir stjórnarfund í nóvember 2015. Reglurnar verða kynntar í janúar á formannafundi. Stefnt að því að leggja siðareglur fram til samþykktar á ársþingi UMSE 2016.
 - a) Samþykkt að skipa Bjarnveigu, Sigrúnu og Þorstein í siðanefnd UMSE.
- 8) Samþykkt að stofna forvarnar- og fræðslunefnd í samræmi við ný samþykka stefnu UMSE. Lagðar fram hugmyndir um einstaklinga sem að mati stjórnar koma til greina sem nefndarmenn.
- 9) Skipan nefnda.
 - i) Frjálsíþróttanefnd.
 - ii) Knattspyrnunefnd.

iii) Borðtennisnefnd.

iv) Badmintonnefnd.

v) Hestaíþróttanefnd.

vi) Sundnefnd.

Samþykkt að senda póst á aðildarfélögin þar sem óskað er eftir tilnefningum í nefndir.

10) Önnur mál.

a) Framkvæmdastjóri sagði frá ferðatilhögun og skipulagi vegna Danmerkurferðar á vegum UMFÍ sem farin verður 7. – 10. maí 2015. Framkvæmdastjóri og varaformaður fara sem fulltrúar UMSE.

b) Starfsskýrsluskil á Felix. Samþykkt að senda áminningu á þau félög sem enn eiga eftir að standa skil á starfsskýrslum, en formlegur skilfrestur rann út

c) Stjórnin samþykkti að skipa Sigurð Eiríksson sem fulltrúa stjórnar í Landsmótssjóð UMSE 2009

11) Næsti fundur ákveðinn 19. maí. Sigrún kemur með veitingar

12) Fundi slitið kl. 18:53.

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
